



Reykjavík, 3. október 2025

USK25060359

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa borgarlandsins

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 25. júní 2025, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins:

Framsókn leggur það til við Umhverfi- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar að koma upp sjálfhreinsandi salernisaðstöðu miðsvæðis í Reykjavík, Borgartúni og meðfram Sæbraut. Mikil umferð gangandi vegfarenda er á þessum slóðum m.a. vegna þann fjölda ferðamanna koma til Reykjavíkur með skemmtiferðaskipum og ákveða ganga til og frá miðbænum. Greiða þarf fyrir notkun á salernum og skulu þau vera að öllu leyti sjálfbær hvað varðar þrif.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarlandsins dags. 13 ágúst 2025.

Umsögn:

Almenningssalernismál í borgarlandinu hafa verið til skoðunar hjá skrifstofu framkvæmda og eignastýringar (áður framkvæmda og viðhalds) undanfarin ár. Skýrsla var gefin út árið 2018 um almenningssalerni í Reykjavík þar sem gerðar voru tillögur um byggingu almenningssalerna á borgarlandinu. Þær tillögur voru lagðar til hliðar á þeim tíma sökum kostnaðar við verkefnið. Í þeim tillögum var ekki gert ráð fyrir að greitt yrði fyrir notkun salerna að því virðist. Ennfremur var ekki gert ráð fyrir salernum á ofangreindum staðsetningum í þessum tillögum.

Margt hefur breyst frá því að ofangreind skýrsla um almenningssalerni í Reykjavík var kynnt árið 2018. Ferðamannastraumur hefur aukist mikið sem mögulega kallar á frekari skoðun og tillögur er varðar almenningssalerni í borginni. Ef vilji er fyrir hendi væri hægt að skoða málið að nýju miðað við núverandi aðstæður og kröfur. Vert er að geta þess að skrifstofa framkvæmda og eignastýringar myndi halda utan um slíkt verkefni.

Virðingarfyllst,
Hjalti J. Guðmundsson
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa borgarlandsins



Reykjavík